

Alþingi  
Erindi nr. P / 38 / 593  
komudagur 9. 12. 2009

CONSUMERS ASSOCIATION OF ICELAND  
ASSOCIATE MEMBER OF IC, BEUC and ICRT

**NS**  
NEYTENDASAMTÖKIN

HVERFISGÖTU 105  
101 REYKJAVÍK

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og skattanefnd  
Austurstræti 8 – 10.  
150 Reykjavík

SÍMI 545 1200  
FAX 545 1212  
Netfang ns@ns.is  
www.ns.is

Reykjavík, 9. desember 2009.

### Athugasemdir við frumvarp til laga um umhverfis- og auðlindaskatta, 257. mál.


Með ofangreindu frumvarpi er lagt til að annars vegar verði tekið upp kolefnisgjald á gas- og dísilolíu, bensín, flugvéla- og þotueldsneyti og brennsluölfu og hins vegar að lagður verði skattur á sölu á raforku og heitu vatni.

Neytendasamtökin telja ljóst að aukin skattlagning af þessu tagi, að ekki sé minnst á skattlagningu á lífsnauðsynlegar vörur á við hita og rafmagn, muni bitna þungt á neytendum. Ekki einasta í formi hækkaðs verðs heldur einnig í formi þyngri greiðslubyrði verðtryggðra lána, en ljóst er að frumvarpið, verði það að lögum, mun hafa nokkur áhrif á neysluvísitölu.

Jafnframt lýsa samtökin undrun sinni á því að hugmyndir um töku kolefnisgjalds skuli koma upp samtímis tillögum um hækkanir á bensín- og olfugjaldi, en ljóst er, verði þessar hugmyndir að veruleika að bensínverð mun hækka umtalsvert um áramót, með tilheyrandi áhrifum á neysluvísitölu og þar með greiðslubyrði verðtryggðra lána.

Neytendasamtökin lýsa sig því andvíg þessu frumvarpi og hvetja eindregið til endurskoðunar þess.

Virðingarfyllst,  
f.h. Neytendasamtakanna,

  
Hildigunnur Hafsteinsdóttir